

## 8. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseigendum og lóðarhöfum, þegar ekki er um eignarlóð að ræða, og eru þeir ábyrgir fyrir greiðslum þess gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldenda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseign og lóð í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveðrétti fyrir hvers konar samnings- og aðfaraveði.

Gjalddagi holræsagjaldsins er 15. maí ár hvert, í fyrsta sinn 1965.

## 9. gr.

Hið árlega holræsagjald getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir atvikum um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

## 10. gr.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1964.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Hallgrímur Dalberg.*

## G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Akraness.

## 1. gr.

1. Almennur vatnsskattur af húsum, sem vatn er lagt í skal vera 1.2% af fasteignamati þeirra.
2. Aukavatnsskattur ..... kr. 1.00 pr. m<sup>3</sup> vatns.
3. Vatn til skipa ..... — 25.00 — m<sup>3</sup> —
4. Stofngjald húsa ..... — 2.00 — m<sup>3</sup> af húsi.
5. Fyrir uppsetningu mælis ..... — 1000.00
6. Leiga mælis ..... — 300.00 — ár.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. janúar 1965 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1964.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Hallgrímur Dalberg.*